

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

14. gr.

Skýlt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigsalum eða víkur verulega frá um-ræðu þá skal oddviti víta hann.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki fyrirmælum oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

15. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni lausn frá setu í hreppsnefnd ef hann óskar þess.

16. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd tekur svo og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt í hreppsnefnd eða nefndum nema hann hafi verið kjörinn í þá nefnd. Sveitarstjóra er heimil seta á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétt.

17. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðarbækur um störf sín og skulu gerðir fasta-nefnda svo og nefnda sem hreppsnefnd setur í sérstök mál lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps í Ragnárvallasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eskifjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot og hvers konar óspektir eru bönnuð á almannafæri. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til

almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangar og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða og annarra samgöngutækja. Um hvers kyns samkomuhús, svo sem veitingarstaði, kvikmyndahús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr sölubúða eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að sem valdið getur ónæði eða ótta.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Á götum bæjarins má ekki hafa leiki um hönd, renna sér á sleðum eða skautum, þannig að trufla umferð eða valdi hættu. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

6. gr.

Hvers konar notkun skotvopna er bönnuð í þéttbýli, nema á sérstökum æfingarsvæðum sem lögreglustjóri samþykkir. Þó getur lögreglustjóri veitt einstökum mönnum undanþágu til að aflífa þar dyr eða eyða vargfugli. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri.

7. gr.

Bannað er að kasta snjókulum, grjóti eða öðru því sem valdið getur vegfarendum tjóni eða óþægindum. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

8. gr.

Enginn má klæðast eða hegða sér þannig á almannafæri að hann misbjóði almennu velsæmi eða geti raskað allsherjarreglu.

9. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlíða öllum lögmætum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann sem viðstaddur er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir það tjón sem þeir kunna að bíða á fatnaði og limum.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði þeirra stofnana sem starfræktar eru í almenningsspágu, svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósti og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi slökkviliðs, lögreglu, hjálparseita eða annarra þeirra sem annast öryggisþjónustu í þágu almenninga.

12. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð, er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt.

13. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðshliðum eða á stöðum þar sem gengið er inn í hús eða á lóðir né fara inn í hífýli í söluerindum án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda.

14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi, umfram það sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda.

15. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri neinu því sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu.

16. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við því að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo, innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Gangstígum að húsum skal sömuleiðis halda vel við og ekkert má þar vera sem vegfarendum stafar hættu af. Bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða er hlýst af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

III. KAFLI

Um umferð á götum.

17. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim sem settar eru í umferðarlögum á hverjum tíma. Lögreglustjóri getur þó ákveðið, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, lægri ökuhraða á einstökum götum.

18. gr.

Hámarkshraði ökutækja er 50 km miðað við klukkustund í þéttbýli. Ökumenn skulu þó ávallt gæta fyrirmæla umferðarlaga um minni ökuhraða og sérstaka varúð, svo sem þegar skyggni, umferð, ástand vegar eða aðrar sérstakar aðstæður gefa tilefni til.

19. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur um einstakar götur eða vegi.

20. gr.

Óheimilt er ökumönnum að gefa hljóðmerki nema umferðin gefi tilefni til þess. Þeir skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að ökutæki þeirra eða farþegar valdi eigi á einn eða annan hátt hávaða er raski friði.

21. gr.

Ekki má leggja ökutæki við vegamót ef staða ökutækis tálmar útsýn yfir veg eða er nær vegamótum en 5 m miðað við götulínu.

22. gr.

Þeir sem flytja vörur, fisk eða fiskúrgang um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð að ekki valdi óþrífnaði. Ef eitthvað fellur eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

IV. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á þarf að halda.

24. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi eða gera ólæsilegar á annan hátt.

V. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrífnað.

25. gr.

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Eigendur skulu gæta þess að á lóðum safnist ekki fyrir neitt það sem fokið getur og valdið tjóni. Verði misbrestur þar á og umráðamaður sinnir ekki tilmælum yfirvalda um úrbætur getur bæjarstjórn látið hreinsa lóðir manna á þeirra kostnað. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar.

26. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því sem valdið getur óþrifnaði, óheilnæmi eða óþrýði á lóðir eða opin svæði. Olíusora, grút, fiskúrgang eða annað rusl er óheimilt að losa í höfnina. Innanbæjar má ekki kveikja í rusli eða sorptunnum.

27. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það sem óðað leggur af og allri atvinnustarfsemi skal hagað á þann veg að gufur, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum umfram það sem óhjákvæmilegt er.

28. gr.

Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu gæta þess að lóðum og öðrum athafnarsvæðum þeirra sé eftir föngum haldið hreinum og þrifalegum, allt jarðrask lagfært strax og aðstæður leyfa og ekkert það látið safnast þar fyrir að nauðsynjalausum sem er til óþrýði eða óþrifnaðar.

Úr vanrækslu í þessum efnum getur lögreglustjóri látið bæta á kostnað hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar. Sama gildir eftir atvikum um brot gegn ákvæðum 26. og 27. gr.

29. gr.

Þeim aðilum sem standa fyrir samkomum eða hátíðarhöldum á almannafæri er skylt að fjarlægja allt rusl og lagfæra eftir föngum allt rask af völdum gesta sinna að samkomu eða hátíð lokinni. Skulu þeir sjálfir greiða af því allan kostnað.

VI. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

30. gr.

Mannvirki og hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til þrýði á almannafæri má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

31. gr.

Eigi má skemma girðingar, troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

32. gr.

Flöskur má aldrei brjóta á almannafæri eða á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra og skal leyfið aðeins veitt á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí.

VII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og almennar skemmtanir.

33. gr.

Allir staðir þar sem rekin er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnaði sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa sem eru eldri en þessi samþykkt. Á gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

34. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrífnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun.

35. gr.

Veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til 07.00 og allir gestir sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er og skal þetta hvoru tveggja gilda nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykkt þessari.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga og reglna um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, samanber nú lög nr. 120/1947 og reglugerð nr. 87/1976 og nr. 280/1979. Eigi skemmtun að standa lengur en til kl. 23.30 þarf leyfi lögreglustjóra og honum er heimilt að skipa svo fyrir að hífýlum þeim, sem skemmtun fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

36. gr.

Enginn má halda almenna dansleiki án leyfis lögreglustjóra. Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu utan fastra kvikmyndahúsa og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

37. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framansögðu hefur fengið leyfi til að halda einhverja þá skemmtun sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um að ekkert það fari fram sem brýtur í bága við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun kvikmynda og bannað sýningu á myndum sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

VIII. KAFLI

Um útivist barna og unglinga.

38. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 tímabilið 1. september til 30. apríl ár hvert og ekki eftir kl. 20.00 tímabilið 1. maí til 31. ágúst nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23.00 tímabilið 1. maí til 1. september nema í fylgd með fullorðnum eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónustu við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleysis er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin.

39. gr.

Pegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

40. gr.

Ungmenni yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum sem haldnar eru af skólum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

41. gr.

Peir sem forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna hafa skulu að viðlögðum sektum gæta þess að ákvæði þessa kafla séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

42. gr.

Ef nauðsynlegt þykir eða óhjákvæmilegt að fela börnum eða unglingum starf í frystihúsum, skipum eða annars staðar þar sem vélar eða önnur hættuleg tæki eru staðsett og notuð, skal það aðeins heimilt, að barnið sé yfir 14 ára og að foreldri, aðrir forráðamenn eða sérstakir trúnaðarmenn viðkomandi barnaverndarnefndar hafi tryggt eftirlit með högum barnsins við vinnuna. Í slíkum tilvikum séu börn eða ungmenni frekar höfð við úti- en innistörf og eingöngu á stöðum þar sem auðvelt er að fylgjast nákvæmlega með þeim.

IX. KAFLI

Um samgöngur við skip.

43. gr.

Lögreglustjóri getur í samráði við barnaverndarnefnd bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfninni ef sérstök ástæða þykir til.

44. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf, til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur almennings við erlend skip.

X. KAFLI

Um hundahald.

45. gr.

Hundahald er bannað á Eskifirði nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hundahald í bænum frá 3. nóvember 1978.

46. gr.

Við minni háttar brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað sem leiðir af brotinu. Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða skal lögreglustjóri krefjast þess við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

XI. KAFLI

Um öryggisráðstafanir við verklegar framkvæmdir.

47. gr.

Óheimilt er að gera skurði í gangstéttir eða götur eða hefjast handa um nokkrar slíkar framkvæmdir sem umferð fólks og ökutækja getur stafað hætta eða truflun af nema til þeirra hafi verið aflað heimildar frá lögreglustjóra eða bæjarstjórn.

Leyfi fyrir slíkum framkvæmdum má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru talin, svo sem varúðarmerkingar, leiðsögn sérstaks eftirlitsmanns, framkvæmdatíma og frágang að verki loknu.

48. gr.

Pegar byggt er hús eða annað mannvirki á almannafæri eða slíkt mannvirki rífið skal skýra lögreglustjóra frá því áður en framkvæmd verksins hefst. Skyld er þeim, sem verkið vinnur, að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri gefur til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

Grunna eða aðrar gryfjur skal ætíð girða og auðkenna tryggilega og skal sérstakrar varúðar gætt er slíkar gryfjur eru brattar eða djúpar eða ef í þær safnast vatn.

Umbúnaði byggingarpalla og annars útbúnaðar skal ætíð haga svo að starfsmönnum eða vegfarendum stafi sem minnst hætta af. Lausir stigar skulu ætíð felldir þegar ekki er verið að nota þá.

Að vinnudegi loknum skal fjarlægja eða ganga tryggilega frá öllu efni eða tækjum sem hætta gæti stafað af og loka mannvirki tryggilega fyrir allri umferð strax er aðstæður gera slíkt mögulegt.

Allt jarðrask skal eftir föngum lagfæra og jafna, strax og aðstæður leyfa og fjarlægja uppmokstur og annað afgangsefni.

49. gr.

Pegar börn eða ungmenni eru ráðin til starfa við verklegar framkvæmdir, skal þess gætt, að þeim sé ætíð veitt greinargóð tilsögn og verkstjórn. Forðast skal að fela þeim stjórn hættulegra tækja eða störf við aðstæður sem sérstök slyshætta fylgir eða þar sem heilsu þeirra er hætta búin.

XII. KAFLI

Um refsingar, kostnað o. fl.

50. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

51. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða ef hann er ekki fær um það úr ríkissjóði.

52. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um gerðardóm skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

1. gr.

Gerðardómur skipaður skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sker úr ágreiningi um þóknun til höfunda í þeim tilvikum, þegar lögin heimila afnot verks að því tilskildu, að höfundi sé greidd þóknun, enda séu aðilar sammála um að leggja ágreiningsefnið undir úrskurð dómsins.

Dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfunda og greiðenda, svo og kjaraatriði í heildarsamningum milli stéttarfélags höfunda og greiðenda, sem ágreiningur er um, sbr. 1. mgr. 16. gr., 3. mgr. 17. gr., 2. mgr. 20. gr., 1. tölul. 21. gr., 23. gr. og 1. mgr. 49. gr. höfundalaga. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn ágreinings og bindur aðila sem samningur þeirra í milli.

2. gr.

Gerðardómur tekur deilu til meðferðar, er honum hafa borist greinargerðir aðila um ágreiningsefni.

Í greinargerðum, sem vera skulu skriflegar, skulu koma fram kröfur aðila. Þar skal koma fram, um hvað aðilar eru sammála og hver ágreiningsefnin eru. Um þau skal í greinargerðunum vera ítarleg reifun atvika og rökstuðningur krafna. Gerðardómnum er heimilt að afla frekari gagna, en jafnan skal gefa aðilum kost á að tjá sig á ný um málið, áður en það er tekið til úrskurðar.

3. gr.

Þóknun til gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við störf dómsins skv. reikningi, sem menntamálaráðherra úrskurðar. Þegar dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfundar og greiðenda, getur hann kveðið á um málskostnað.